

AKRANESKAUPSTAÐUR

# SKÝRSLA

---

starfshóps um uppbyggingu  
íþróttamannvirkja á Akranesi

nóvember 2010



## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| FORMÁLI .....  | 3  |
| ERINDISBRÉF FYRIR STARFSHÓPINN UM UPPBYGGINGU ÍÞRÓTTAMANNVIRKJA Á AKRANESI ..... | 4  |
| 1. INNGANGSORÐ .....   | 5  |
| 1. ALMENNT UM ÍÞRÓTTAHREYFINGUNA Á AKRANESI .....                                | 6  |
| ÍÞRÓTTAFÉLÖGUM HEFUR FJÖLGÆÐ: .....  | 7  |
| NÝ ÍÞRÓTTAMANNVIRKI S.L. TÍU ÁR: .....   | 7  |
| NOKKRAR STAÐREYNDIR TENGT ÍÁ Í DAG: .....  | 7  |
| 2. ÍÞRÓTTAMANNVIRKI Á AKRANESI .....   | 8  |
| 2.1 ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN AÐ JAÐARSBÖKKUM .....                                       | 8  |
| 2.2 JAÐARSBAKKALAUG .....  | 9  |
| 2.3 AKRANESHÖLLIN .....  | 9  |
| 2.4 AKRANESVÖLLUR OG ÆFINGASVÆÐIÐ AÐ JAÐARSBÖKKUM. ....                          | 9  |
| 2.5 ÍÞRÓTTAHÚSIÐ VIÐ VESTURGÖTU .....  | 10 |
| 2.6 BJARNALAUG .....   | 11 |
| 2.7 GARÐAVÖLLUR (GOLFVÖLLUR) .....   | 11 |
| 2.8 ÆÐARODDI (HESTAÍÞRÓTTIR) .....   | 12 |
| 2.9 AKRABRAUT (VÉLHJÓLAÍÞRÓTTIR) .....   | 12 |
| 2.10 SKOTSVÆÐI VIÐ RÆTUR AKRAFJALLS .....  | 13 |
| 3. ÚTHLUTUN Á ÆFINGATÍMUM .....  | 13 |
| 4. AÐSTÖÐUMÁL AÐILDARFÉLAGA ÍÁ .....   | 14 |
| 4.1 BADMINTONFÉLAG AKRANESS .....  | 14 |
| 4.2 BLAKFÉLAGIÐ BRESI .....  | 14 |
| 4.3 FIMLEIKAFÉLAG AKRANESS .....   | 14 |
| 4.4 GOLFKLÚBBURINN LEYNIR .....  | 15 |
| 4.5 HESTAMANNAFÉLAGIÐ DREYRI .....   | 17 |
| 4.6 HNEFALEIKAFÉLAG AKRANESS .....   | 18 |
| 4.7 ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ ÞJÓTUR .....  | 18 |
| 4.8 KARATEFÉLAG AKRANESS .....   | 18 |
| 4.9 KEILUFÉLAG AKRANESS .....  | 18 |
| 4.10 KNATTSPYRNUFÉLAG ÍÁ .....   | 19 |
| 4.11 KÖRFUKNATTLEIKSFÉLAG AKRANESS .....   | 20 |
| 4.12 KRAFTLYFTINGAFÉLAG AKRANESS .....   | 20 |
| 4.13 SKOTFÉLAG AKRANESS .....  | 20 |
| 4.14 SUNDFÉLAG AKRANESS .....  | 21 |
| 4.15 UMF. SKIPASKAGI .....   | 23 |
| 4.16 VÉLHJÓLAÍÞRÓTTAFÉLAG AKRANESS .....   | 24 |
| 4.17 SAMANTEKT Á ÓSKUM FÉLAGANNA .....   | 25 |
| 5. LOKAORÐ .....   | 26 |

## FORMÁLI

Akranes er íþróttabær. Rökin fyrir þessu byggjast m.a. á fjölda þeirra sem taka þátt í almennu íþróttastarfi, 2000 manns, og fjölda íþróttafélaga, 16 félög en 18 íþróttagreinar, miðað við önnur sveitarfélög. Árangur í forvarnarstarfi skólanna og íþróttahreyfingarinnar hefur einnig verið betri en hjá öðrum sveitarfélögum skv. árlegum könnunum á landsvísu. Á 66. ársþingi ÍA sem fram fór 15. apríl 2010. var kynnt úttekt á aðstöðumálum íþróttafélaganna. Úttektin var byggð á reglulegum samskiptum við félögin þar sem aðstöðumál eru oft og iðulega rædd. Henni var ætlað að gefa yfirsýn yfir stöðu mála og helstu atriði. Markmiðið var að koma af stað umræðum um aðstöðumál íþróttafélaganna í aðdraganda kosninga. Þann 27. apríl 2010 samþykkti bæjarstjórn að setja á fót starfshóp um uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Það er víða þörf á fjármagni hvort sem það er til rekstrar á einstökum málaflokkum bæjarins eða framkvæmda. Óskir koma víða að en oft skortir yfirsýnina eða heildarþörfina m.t.t. takmarkaðs fjármagns. Þess vegna m.a. er þessi starfshópur settur á laggirnar.



## ERINDISBRÉF FYRIR STARFSHÓPINN UM UPPBYGGINGU ÍÞRÓTTAMANNVIRKJA Á AKRANESI

### 1.gr.

Starfshópurinn er skipaður af bæjarráði Akraness með vísan til samþykkar bæjarstjórnar Akraness frá 27. apríl 2010. Starfshópurinn er skipaður einum fulltrúa frá hverjum flokki sem hefur fulltrúa í bæjarstjórn Akraness svo og jafnmörgum fulltrúum frá Íþróttabandalagi Akraness. Bæjarráð skipar formann starfshópsins.

### 2.gr.

Verksvið starfshópsins er eftirfarandi:

- Leggja mat á núverandi íþróttaaðstöðu í eigu Akraneskaupstaðar.
- Leggja mat á núverandi aðstöðu félaga innan ÍA.
- Greina þarfir Akraneskaupstaðar og hvers íþróttafélags fyrir aðstöðu til næstu fimm ára.
- Leggja mat á og forgangsraða verkefnum.
- Gera gróft kostnaðarmat á tillögur starfshópsins.

### 3.gr.

Starfshópurinn skal í vinnu sinni afla upplýsinga hjá þeim aðilum sem hann telur nauðsynlegt, bæði hjá viðkomandi íþróttafélögum, nefndum Akraneskaupstaðar, öðrum sveitarfélögum, starfsmönnum eða öðrum sem starfshópurinn telur nauðsynlegt.

### 4.gr.

Fjárhagslegar skuldbindingar sem tengjast kunna störfum nefndarinnar eru háðar fjárveitingu hverju sinni. Fjárbeiðnir starfshópsins skal leggja fyrir bæjarráð Akraness til umfjöllunar.

### 5.gr.

Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili bæjarstjórn Akraness fullmótuðum tillögum sínum eigi síðar en 1. nóvember 2010.

Í starfshópnum voru eftirtaldir :

Einar Benediktsson formaður

Dagný Jónsdóttir

Hjördís Garðarsdóttir

Gunnar Sigurðsson (sagði af sér vegna hagsmunatengsla og tók Einar Brandsson sæti í hans stað)

Guðlaug Sverrisdóttir

Jón Þór Þórðarson

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir (varð frá að hluta vegna veikinda)

Sturlaugur Sturlaugsson

Ragnar Már Ragnarsson starfsmaður framkvæmdastofu Akraneskaupstaðar sat einnig fundi starfshópsins, ritaði fundargerð og miðlaði af reynslu sinni.

Nefndarmenn komu sér saman um það í upphafi að reyna að birta sameiginlega sýn á uppbyggingu íþróttamannvirkja. Þörf fyrir frekari uppbyggingu er klárlega til staðar, bæði smátt og stórt, til skamms tíma og lengri.

## 1. INNGANGSORÐ

Það er ánægjulegt hlutverk nefndarmanna að fá tækifæri til að horfa til framtíðar í þeim tilgangi að bæta hag og auka vellíðan bæjarbúa. En í leiðinni örlar á smá kvíða í tengslum við nauðsynlega forgangsröðun verkefna þar sem ekki er hægt að gera allt fyrir alla, það fjármagn sem er til staðar er takmarkað og viðhald á eignum bæjarins í gegnum áratuginu hefur líklega verið of lítið miðað við ástand þeirra í dag þar sem áætluð þörf er um 650 m.kr. í viðhald eigna bæjarins, skv. upplýsingum frá Kristjáni Gunnarssyni, umsjónarmanni fasteigna. Það er ekki auðvelt að forgangsráða en án efa nauðsynlegt. Við höfum ekki fyrir framan okkur fjárhagsgetu bæjarins til næstu 5 ára.

Nefndarmenn gáfur sér ákveðnar forsendur um fjárhagsgetu bæjarins almennt séð og markmið/sýn í tengslum við félagsstarfið, hér eru eftirfarandi áhersluatriði:

- Fjárhagsgeta bæjarins verði slök næstu árin.
- Treysta enn frekar barna- og unglíngastarf.
- Jafna möguleika afreksfólks eins og kostur er til að ná árangri.
- Málefni golfklúbbsins (GL) í pólitískum farvegi nú þegar varðandi byggingu vélarskemmu, ákveðin samningur um slíkt til staðar en frekari samningar eru í gangi á milli GL og Akraneskaupstaðar.

Starfshópurinn kom sér fljótlega saman um að reyna að hrinda strax af stað lagfæringum á þáttum sem tengjast grunn þörf félaganna eins og loftræstingum, vatns-, öryggis- og salernismálum. Gögnin sem nefndin hafði til hliðsjónar við mat sitt, byggðist m.a. á innsendum ábendingum félaganna, ársskýrslum þeirra, samantekt frá ársþingi ÍA vorið 2010 þar sem fjallað var sérstaklega um uppbyggingu íþróttamannvirkja og rekstrarþörf íþróttahreyfingarinnar og ýmsum upplýsingum frá Akraneskaupstað.

## 1. ALMENNT UM ÍPRÓTTAHREYFINGUNA Á AKRANESI

Íþróttahreyfingin á Akranesi saman stendur af bandalagi 16 aðildarfélaganna og 18 íþróttagreinum.

Íþróttabandalag Akraness rekur svo líkamsræktarstöð í húsakynnum sínum á Jaðarsbökkum (400 m<sup>2</sup>). Öll líkamsræktartækin eru eign Íþróttabandalagsins.

Íþróttabandalagið greiddi um 5.5 m.kr. til bæjarins árið 2009 fyrir afnot af öðru húsnæði og þjónustu skv. samningi við Akranesbæ. Starfsmaður ÍA sinnir ákveðnum verkefnum fyrir Akranesbæ.

Það eru örfá Íþróttabandalög á Íslandi sem hafa jafn fjölbreytt íþróttastarf og við hér á Akranesi. Fjölbreytnin er góður grunnur til að fjölga iðkendum. Skráðum iðkendum hefur fjölgað frá um þá bil 1500 í um 2000 s.l. tíu ár, hluta til í takt við stækkun bæjarins og íþróttagreinum hefur fjölgað um 5.

Í dag þjálfa um 75 þjálfarar hjá aðildarfélögum ÍA. Sjálfboðaliðar í formlegum stjórnnum og nefndum eru um 150 manns, þeir reka hreyfinguna allan ársins hring. Til viðbótar eru svo tugir einstaklinga sem taka þátt í einstökum átaksverkefnum.

Heildartekjur íþróttahreyfingarinnar á Akranesi voru um 200 m.kr. á árinu 2009 og um 15 m.kr. komu frá bænum í formi rekstrarstyrkja. Aðrar tekjur en rekstrarstyrkurinn frá Akraneskaupstað sér hreyfingin um að afla með stuðningi einstaklinga, fyrirtækja og með æfingagjöldum.

Verðmæti sjálfboðaliða í launasparnaði er örugglega mörg hundruð milljón kr. virði/ári fyrir bæjarsamfélagið. Þess má geta að íþróttahreyfingin skilaði jákvæðri afkomu á árinu 2009 þrátt fyrir milljónir kr. í tekjusamdrátt á milli ára, í raun kraftaverki líkast.

Samkeppnin um athygli og tíma barna og unglinga hefur örugglega hardnað undanfarin ár, freistingarnar og möguleikar þeirra til að fara út af braut heilbrigðs lífens eru enn fleiri síðast liðin ár. Miðað við önnur bæjarfélög hefur Akranesingum tekist að verjast þokkalega sókn vímuefnanna í bæinn, með forvarnarstarfi sínu.

Ánægjulegt er, að ennþá er hægt að fá sjálfboðaliða til starfa hjá hreyfingunni þrátt fyrir mun erfiðara efnahagsástand og mun meiri kröfur samfélagsins til bætts gæðastarfs og auknar upplýsingar.

Það eru liðin um 100 ár frá formlegu skipulögðu starfi íþróttahreyfingarinnar hér á Skipaskaga. Ef við tökum bara s.l. 10 ár þá hefur tekist að framkvæma ýmislegt í íþróttamálum á Akranesi á þessum tíma.

Beinir rekstrarstyrkir frá Akraneskaupstað til íþróttafélaganna og iðkenda hafa aukist verulega.

*Íþróttafélögum hefur fjölgað:*

Vélhjólaiþróttafélag stofnað Akraness 2006  
Hnefaleikafélag Akraness stofnað 2008  
Kraftlyftingafélag Akraness stofnað 2009  
Línudanshópur Skipaskaga  
Glímudeild Skipaskaga 2009

*Ný íþróttamannvirki s.l. tíu ár:*

Stækkun á golfvelli í 18 holur árið 2000  
Keilusalur 2001  
Stækkun á þrekaðstöðunni á Jaðarsbökkum 2004  
Sparkvellir við skólana 2004  
Akraneshöllin 2006  
Stækkun á stúku 2007  
Ný klósett við Akraneshöll 2009

Nokkrar staðreyndir tengt ÍA í dag:

Æfingahópar ÍA: 50  
Fjöldi æfingatíma.: 8.000  
Þjálfarar. 75  
Fjöldi í stjórnnum og nefndum. 150  
Velta. 200 milljónir  
Skráðir golfhringir á Garðavelli. 22.000  
Knattspyrnuleikir á Akranesvelli og Akraneshöll: 220  
Þátttakendur á Skagamóti 1.300 (144 lið) 600 leikir  
Þátttakendur á Akranesleikum í sundi: 300 (13 lið)  
Heimsóknir í íþróttamannvirkin: 354.000  
Fjöldi íbúa á Akranesi: 6.556

## 2. ÍÞRÓTTAMANNVIRKI Á AKRANESI

Miðstöð íþróttá Akranesi er á Jaðarsbökkum, þar sem finna má m.a. hina glæsilegu fjölnota Akraneshöll, sundlaug, aðalleikvang bæjarins og íþróttahús. Á Jaðarsbökkunum sjálfum eru síðan fjölmargir knattspyrnuvelli sem njóta mikilla vinsælda á sumrin. Við grunnskóla bæjarins eru sparkvelli og víða má finna útivistarsvæði, gönguleiðir og aðra möguleika til hollrar útiveru. Íþróttahúsið við Vesturgötu er aðalíþróttahús bæjarins og var um tíma eitt stærsta og fullkomnasta íþróttahús landsins. Þar fer fram fjölbreytt starfsemi. Langisandur er vinsæl útivistarparadís, enda má segja að gönguferð um sandinn samsvari hinum ráðlagða dagskammti af hreyfingu og margir ganga á Akrafjall og í Garðalundi (skógræktinni) sér til heilsubótar.

Samkvæmt 7. gr. Íþróttalaga segir að bygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota er í verkhring sveitarfélaga nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum.

- Sveitastjórn veitir byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarfélags.

Heimsóknir (í ýmsum tilgangi) í íþróttamannvirkin á Akranesi teljast vera um 354.000

### 2.1 ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN AÐ JAÐARSBÖKKUM.

Íþróttamiðstöðin að Jaðarsbökkum er aðalmiðstöð íþróttá Akranesi. Íþróttahúsið að Jaðarsbökkum var tekið í notkun þann 28. ágúst 1988 nákvæmlega þremur árum eftir að fyrsta skóflustungan var tekin 28. ágúst 1985. Mikið af sjálfboðaliðum og velviljuðum aðilum komu að byggingu íþróttahússins. Íþróttamiðstöðin sjálf er síðan byggð og tekin í notkun á árunum 1991-1995.

Í íþróttamiðstöðinni er íþróttahús með stórum íþróttasal og þreksal og þar er aðalsundlaug bæjarins (Jaðarsbakkalaug). Íþróttamiðstöðin er opin frá kl. 06:15 – 22:30 og frá kl. 09:00 - 18:00 um helgar. Í íþróttasalnum fer fram íþróttakennsla Grundaskóla og FVA ásamt því sem leikskólarnir Garðasel og Vallarsel eru með tíma. Í íþróttasalnum eru æfingar og keppni í körfuknattleik, blaki, glímu, golfi og knattspyrnu. Á annarri hæð er þreksalur sem leigður er til ÍA.

Á annarri hæðinni er líka stór hátíðar- og fundarsalur, einnig er þar félagsaðstaða ÍA sem nýtist fyrir minni samkomur og fundi. Í eignarhluta ÍA eru þrjár salir fyrir hópleikfimi og á þriðju hæðinni eru skrifstofur rekstrarstjóra íþróttamannvirkja, íþróttafulltrúa ÍA, sem og skrifstofuaðstaða Sundfélag Akraness og Knattspyrnufélags ÍA. Þreksalir Íþróttamiðstöðvarinnar eru vel nýttir af íþróttafélögnum og hinum almennum bæjarbúum. Á mesta álagstíma er þar ansi þröngt á þingi. Afgreiðsla Íþróttamiðstöðvarinnar er fyrir löngu sprungin miðað þá auknu starfsemi sem orðið hefur á svæðinu. Sama er að segja varðandi almenn búnings- og sturtuaðstöðu.



## **2.2 JAÐARSBAKKALAUG**

Jaðarsbakkalaug var tekin í notkun 16.júlí 1988. Laugin er 25 m útisundlaug en þar eru einnig 5 heitir pottar, sauna og vatnsrennibraut. Jaðarsbakkalaug er opin alla virka daga frá kl. 06:15 - 21:00 og frá kl. 09:00 - 18:00 um helgar. Sundkennsla Grundaskóla fer fram í Jaðarsbakkalaug. Þar fara einnig fram æfingar og keppni hjá elstu sundhópum Sundfélags Akraness.

Viðhaldsverkefni vegna Íþróttamiðstöðvarinnar að Jaðarsbökkum snúast oftast um bilanir sem koma upp í búnaði sérstaklega v/ sundlaugar. Umfang fyrirliggjandi verkefna á Jaðarsbökkum er verulegt. Samspil seltu, klórefna og veðurfars fer illa með klæðningar og ýmsa viðkvæma hluti. Þá er t.d. ástand heitra potta, hellu- og flísalagna orðið dapurt svo eitthvað sé nefnt. Viðhaldsáætlun fyrir svæðið er í vinnslu.

## **2.3 AKRANESHÖLLIN**

Þann 3. júní 2005 var fyrsta skóflustungan að Akraneshöllinni tekin og höllin er vígð með pompi og prakt þann 21. október 2006, á 60 ára afmæli Íþróttabandalagsins. Akraneshöllin er fjölnota íþróttahús og er hluti íþróttamiðstöðvar Akraneskaupstaðar á Jaðarsbökkum. Höllin er opin frá kl. 06:15 – 22:30 og frá kl. 09:00 -18:00 um helgar. Akraneshöllin er með knattspyrnuvöll í fullri stærð sem lagður er gervigrasi og í kringum völlinn er tartanlagður hringur þar sem hægt er að stunda frjálssar íþróttir og göngu.

Fyrir utan tilfallandi verkefni vantar m.a. framtíðarlausn varðandi geymslu fyrir vélar og búnað tengt húsinu. Í dag er alskyns búnaður að teppa svæðin umhverfis sparksvæðið. Þá velta menn vöngum yfir upphitun áhorfendasvæðis. Þá hefur komið upp galli í lýsingu þ.e. bruni í tengingum spennu sem ekki hefur reynst mögulegt að fá bætt. Nauðsynlegt er að hefjast handa við lagfæringar. Grasteppið var farið að teygjast á nokkrum stöðum auk fleiri galla en það var lagfært af söluaðila og tækifærið notað til að bæta gúmmú í rötina ásamt fleiru. Með hliðsjón af reynslunni má reikna með að yfirfara verði svæðið árlega.

## **2.4 AKRANESVÖLLUR OG ÆFINGASVÆÐIÐ AÐ JAÐARSBÖKKUM.**

Aðalleikvangur Skagamanna í knattspyrnu er á Jaðarsbökkum. Árið 1935 tóku nokkrir frískir Skagamenn til við undirbúningsvinnu að knattspyrnu-malarvelli að Jaðarsbökkum. Árið 1954 er grasvöllurinn tekinn í notkun og árið 1957 er byggður malarvöllur. Grasæfingasvæðið að Jaðarsbökkum er tekið í notkun á árunum 1986 – 1988 og var að mestu leiti unnið í sjálfböðavinnu að tilstuðlan Knattspyrnufélags ÍA. Áhorfendastúka var byggð 1995 sem tekur 770 manns í sæti, stúkan er svo stækkuð í 1100 sæti 2007. Á Akranesvelli hafa Skagamenn lengi spilað heimaleiki sína í knattspyrnu með ágætum árangri eins og fjölmargir sigrar og titlar félagsins sanna. Við

völlinn er stúka sem stenst alþjóðlega staðla og gerir þannig kleyft að leika í alþjóðlegum keppnum á vellinum. Á hverju ári eru einnig leiknir landsleikir á vellinum. Kringum völlinn er 400m malarhlaupabraut sem er komin til ára sinna og þarfnast endurnýjunar. Viðhald íþróttavalla þarf að vera stöðugt og markvisst ef því er ekki haldið til haga verður það æði kostnaðarsamt að koma hlutunum í rétt horf og sú er staðan í dag. Ástand æfingasvæðisins er mjög slæmt. Hefja þarf vinnu við að endurvinnna æfingasvæði jafnhliða því að viðhalda aðalvelli. Gerð hefur verið áætlun vegna þessa en hvað kostnað varðar er hann mismunandi eftir aðferðum. Aðkallandi er að koma stúku og umhverfi hennar í viðunandi horf en ryðskemmdir ofl. magnast þar ár frá ári enda staðsetningin við sjávarsíðuna þess eðlis. Skortur er á geymslum fyrir vélar og tæki, eins er aðstaða fyrir veitingasölu óviðunandi.

## 2.5 ÍPRÓTTAHÚSIÐ VIÐ VESTURGÖTU

Íþróttahúsið að Vesturgötu er vígt 24. janúar 1976. Íþróttasalur íþróttahússins við Vesturgötu er notaður til kennslu við Brekkubæjarskóla og Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi. Þar fara líka fram æfingar og keppni í fimleikum, badminton og boccia. Í kjallara hússins er einnig þreksalur, kraftlyftingaaðstaða, speglasalur sem notaður er fyrir danskennslu, karate og hópleikfimi, keilusalur, hnefaleikaaðstaða og aðstaða fyrir skotfimi. Íþróttahúsið við Vesturgötu er lokað yfir sumarmánuðina (júní, júlí og ágúst). Áhorfendaaðstaða í húsinu er mjög góð og nýttist vel í viðburði sem eru velsóttir. Búið er að endurbyggja og klæða langhliðar hússins og endurbæta dagvistarrými (Þekju). Þá er búið að tvöfalda eldvegg milli Þekjunnar og salar og mála gafla. Þó svo að talsvert hafi verið gert hvað varðar viðhald byggingarinnar undanfarið eru mörg verkefni sem bíða. Í vinnslu er hönnun fyrir útboð vegna lágbygginga og endurskoðun flóttáútganga. Stór verkefni bíða þó úrlausna s.s. skoðun og trúlega endurnýjun þakefna, endurgerð á böðum og snyrtiaðstöðu, endurnýjun á lagnakerfi en í því hafa verið að koma upp tæringarbilanir og þ.a.l. hætta á vatnstjónum. Þá bíða mörg smærri verk úrlausnar. Í kjallara hússins er mörgu ábótavant með tilliti til brunavarna, salernisaðstöðu og loftræstingar. Tækjakostur keilusalans er nánast ónýtur og þarfnast endurnýjunar.

## 2.6 BJARNALAUG

Bjarnalaug er innilaug, 12,5 m ásamt heitum potti sem staðsettur er í laugargarði utandyra. Bjarnalaug er notuð sem kennslulaug fyrir Brekkubæjarskóla, einnig stunda hinir ýmsu hópar sundleikfimi í lauginni. Bjarnalaug er opin almenningi yfir vetrartímamann á laugardögum (sept - maí) frá kl. 10.00-13.00 en þá er laugin hituð í 33 - 34°C og hentar því einkar vel fyrir ungbarnasund, enda vinsælt að fara með yngsta sundfólkið í laugina á þessum tíma. Bjarnalaug er til útleigu fyrir hin ýmsu tækifæri svo sem afmæli, bekkjarkvöld, starfsmannapartý o.fl. Bjarnalaug var vígð 4.júní 1944 og yfirbyggð árið 1950. Laugin hefur þjónað Akurnesingum vel í gegnum tíðina og alið af sér margan afreksmanninn í sundi.

Lauginni var töluvert endurnýjuð á árunum 2002-2004. Settur nýr dúkur í laugina og hún gerð nánast jafngrunn alls staðar. Settur upp lyftubúnaður fyrir fatlaða bæði í búningsklefa og við laug. Settur upp þvottabekkur fyrir fjölfatlaða.

Búið er að gera verulegar endurbætur á lauginni. Í kjallara er búið að fjarlægja jarðveg, steypa gólf og opna rými. Þá var skipt um hreinsibúnað fyrir sundlaug svo og inntök og lagnir. Brýnt er að útbúa öryggissvæði kringum klórtank sem fyrst, þá þarf að breyta hitastýringu ofl. fyrir heita pottinn, yfirfara eða endurnýja kerfisloft, koma upp búnaði fyrir fatlaða í kvennaklefa, skilgreina og endurgera efri hæð. Mála þarf þak, gera við fúna glugga lagfæra gangstétt framan við húsið, endurnýja girðingu ofl.

## 2.7 GARÐAVÖLLUR (GOLFVÖLLUR)

Í byrjun árs 1969 er skipulagsuppráttur Hannesar Þorsteinssonar, þá 17 ára, af 9 holu velli samþykktur og hafist var handa við gerð brautanna. Síðsumars er byrjað að leika á 9 holu velli og sama ár verður Garðavöllur fullgildur 9 holu keppnisvöllur. Árið 1978 fá Leynismenn afnot af sveitabænum Grímsholti og var húsið tekið í notkun sem félagsheimili golfklúbbsins sama ár. Næsti áfangi í gerð Garðavallar var árið 1996 þegar gerðar voru fjórar nýjar brautir og völlurinn varð 13 holu golfvöllur. Garðavöllur er síðan formlega vígður sem 18 holu golfvöllur sumarið 2000 á 35. afmælisári Golfklúbbsins Leynis. Leynismenn sáu alfarið um gerð vallarins til að ná sem mestri hagkvæmni við vallargerðina. Verkið var undir eftirliti tæknideildar Akraneskaupstaðar enda er Garðavöllur eitt af íþróttamannvirkjum kaupstaðarins þótt golfklúbbum sé falinn rekstur þess og afnotaréttur. Eftir stækkun Garðavallar í 18 holu keppnisvöll hafa öll helstu golfmót GSÍ verið haldin á Garðavelli á árunum 2000 til 2006. Garðavöllur er talinn vera einn af betri keppnisvöllum landsins. Við Garðavöll er einnig, þúttflöt, æfingabásar er nefnast Teigar og nokkrar æfingaholur sem gjarnan eru kallaðar Mikki mús völluminn.

Á haustmánuðum 2007 gerði GL samstarfssamning við Golfklúbb Reykjavíkur. Samningurinn er til 5 ára en endurskoðaður eftir 2 ár en til að minnsta kosti 3ja ára. Golfklúbbur Reykjavíkur (GR) mun á samningstímanum annast rekstur Garðavallar og skilgreind mannvirki honum tengd fyrir eigin reikning og útvega starfsmenn til að vinna í framkvæmdum á Garðavelli í 160 daga á ári. GR mun einnig viðhalda öllum vélakosti.

Fyrir vikið hafa meðlimir GR sambærilegan aðgang að Garðavelli og meðlimir GL. Óreglulegar tekjur, s.s. green fee, útleiga vallar, tekjur af opnum mótum fara til GR. Framkvæmd samningsins hefur gengið vel að mati stjórnar GL. Samningurinn gerir það m.a. að verkum að hægt var að hefja framkvæmdir við nýja flöt á 4. braut auk annarra smærri en löngu tímabærra verkefna.

## **2.8 ÆÐARODDI (HESTAÍÞRÓTTIR)**

Hesthúsahverfi Akurnesinga er á Æðarodda. Æðaroddi er flatt landsvæði í eigu Akraneskaupstaðar, sem afmarkast af Flæðilæk, sem er á landamerkjum við land Innsta-Vogs, Blautóss og að landamerkjum við eignarland einkaaðila, sem liggur vestan og neðan við holtið, sem er samsíða þjóðveginum. Árið 1978 var gert lóðarskipulag í Æðarodda og ákveðnir byggingarskilmálar samþykktir fyrir þetta svæði. Lóðirnar eru ætlaðar fyrir búfénað og hefur Hestamannafélagið Dreyri forræði yfir svæðinu. Á Æðarodda er félagsheimili Dreyra. 35 hesthús má finna á svæðinu, tvö 18 hesta hús en flest hús eru 12 hesta og svo nokkur 8 hesta. Þar að auki má finna sauðfé í nokkrum húsanna sem lífgar upp á umhverfið. Á Æðarodda er hringvöllur fyrir íþróttakeppni, stórt gerði og svokölluð "tamningatunna". Skeiðbraut /kappreiðabraut með áhorfendabrekku er á Barðanesi sem er austan við Æðarodda og tilheyrir Hvalfjarðarsveit. Út frá svæðinu liggja síðan hinar ýmsu reiðleiðir og beitarland. Akraneskaupstaður á hlutdeild í mannvirkjum á grundvelli framkvæmdasamninga á félagssvæði Hestamannafélagsins Dreyra. Þessi mannvirki eru þó alfarið í umsjá félagsins og falla ekki undir fjárhag Framkvæmdastofu. Árið 1998 var haldið Íslandsmót í hestaíþróttum á Æðarodda og var svæðið lagfært mikið af því tilefni. Töluvert er um liðið síðan þá og þarfnast keppnisvöllur félagsins endurnýjunar til að hægt sé að halda viðurkennd mót.

## **2.9 AKRABRAUT (VÉLHJÓLAÍÞRÓTTIR)**

Akrabraut er akstursbraut fyrir vélhjólaíþróttir sem staðsett er á 3 hektara svæði rétt utan við Akranes sog er hún talinn ein skemmtilegasta braut landsins. Akraneskaupstaður leggur til svæði en brautin er alfarið í umsjón Vélhjólaíþróttafélags Akraness sem stofnað var árið 2006. Opnunar tími brautarinnar yfir sumarið fyrir almenning er á fimmtudögum til sunnudags, en opin eingöngu fyrir VÍFA mánudaga til miðvikudaga. Miðaverð er 1000 kr og eru keyptir í Olís á Akranesi. Mikil sjálfboðaliðsvinna liggur í uppbyggingu og viðhaldi brautarinnar. Í lok sumars 2009 var brautin lengd og tekur um tvær mínútur að keyra brautina. Einnig var landið milli brauta lagað þannig að nú tekur það betur við vatni, þ.e. landið lækkað og brautin hækkuð upp að hluta. Byrjað var að ganga frá svæðinu að hluta, lagaði planið setti upp stóra áhorfendamön og fl. Þó svo brautin hafi verið lengd, er og verður hluti af brautinni mjög blautur og þyrfti að ræsa fram eða sanda hluta af brautinni svo hún taki betur við rigningu. Vélhjólakeppni Unglingalandsmóts UMFÍ 2010 fór fram á brautinni og var Vélhjólaíþróttafélaginu til sóma.

## 2.10 SKOTSVÆÐI VIÐ RÆTUR AKRAFJALLS

Skotfélag Akraness var stofnað 1994 og gerðist aðili að Íþróttabandalagi Akraness árið 1995. Félaginu var úthlutað svæði sem liggur innan marka Skilmannahrepps skammt frá Berjadalsá en er í eigu Akranesbæjar. Æfingasvæði félagsins var formlega opnað þann 8. ágúst 1998. Akraneskaupstaður lagði til svæði en Skotfélagið hefur haft veg og vanda af uppbyggingu og rekstri svæðisins. Sumarið 2001 má segja að æfingasvæði félagsins hafi verið komið í þann búning sem félagsmenn höfðu stefnt að en þá var fyrsta Landsmótið í leirdúfuskotfimi haldið á Akranesi. Sama ár var Bikarmeistaramót Íslands haldið á skotvelli félagsins.

## 3. ÚTHLUTUN Á ÆFINGATÍMUM

Við úthlutun á æfingatímum er unnið útfrá reglum Akraneskaupstaðar um æfinga- og keppnisaðstöðustyrki til Íþróttabandalags Akraness.

Forgangur á notkun íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar er eftirfarandi:

1. Grunnskólar og leikskólar Akraneskaupstaðar
2. Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi (FVA) í samráði við Akraneskaupstað
3. Íþróttabandalag Akraness

Úthlutun æfingatíma er sameiginlega í höndum íþróttafulltrúa ÍA og rekstrarstjóra íþróttamannvirkja. Við úthlutun æfingatíma er tekið mið af eftirfarandi þáttum:

- Fjölda iðkenda og hlutfalli barna og unglunga í hverju félagi
- Nýtingu síðasta tímabils og úthlutun æfingatíma
- Æfingar barna og unglunga hjá félögum innan ÍA hafi forgang á úthlutun æfingatíma
- Stefnt skal að því að æfingum barna og unglunga ljúki fyrir kl. 19:00.

Flest íþróttamannvirki Akraneskaupstaðar eru einnig skólamannvirki, 50% af tímum íþróttahúsanna að Vesturgötu og Jaðarsbökkum eru nýtt af skólunum. Íþrótt- og sundkennsla í Brekkubæjarskóla fer fram í Íþróttahúsinu við Vesturgötu og Bjarnalaug. Íþrótt- og sundkennsla í Grundaskóla fer fram í Íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum og Jaðarsbakkalaug. Á Jaðarsbökkum eru leikskólarnir Garðasel og Vallarsel einnig með tíma. Íþróttakennsla Fjölbrautaskóla Vesturlands fer að mestu fram í íþróttahúsinu við Vesturgötu ásamt nokkrum tímum að Jaðarsbökkum. Akraneshölin hefur einnig verið töluvert nýtt af skólunum.

#### 4. AÐSTÖÐUMÁL AÐILDARFÉLAGA ÍA

Almennt séð er aðstaða til íþróttaiðkunar á Akranesi nokkuð góð. Aðstaðan er misjöfn á milli félaga enda saga hvers og eins mis löng, sömu sögu má segja um hversu rík hefðin er á bak við hvert félag og sjálfboðastarf því skilað mis miklu til uppbyggingar íþróttamannvirkja í gegnum árin.

Félög eins og Badmintonfélag Akraness, FIMA, Þjótur, Karatefélag Akraness, Körfuknattleiksfélag Akraness og Umf. Skipaskagi nýta fjölþætta íþróttaaðstöðu bæjarins. Knattspyrnufélag ÍA hefur Akraneshöllina, Akranesvöll og æfingasvæðið að Jaðarsbökkum fyrir sitt starf. Félagið nýtir einnig íþróttahúsið að Jaðarsbökkum fyrir allra yngstu iðkendurna. Á sama hátt hefur Sundfélag Akraness nokkuð góðan aðgang að Bjarnalaug og Jaðarsbakkalaug (2 – 3 brautir). Golfklúbburinn Leynir, Hestamannafélagið Dreyri, Keilufélag Akraness, Skotfélag Akraness og Vélhjólaiþróttafélag Akraness sjá sjálf að mestu um uppbyggingu og rekstur á sinni íþróttaaðstöðu og eru þá gjarnan með framkvæmdasamning við Akraneskaupstað. Ný félög eins og Hnefaleikafélag Akraness og Kraftlyftingafélag Akraness keppast að því að skapa aðstöðu fyrir sína starfsemi.

#### SAMANTEKT Á ÁBENDINGUM Á ÞVÍ SEM AÐILDARFÉLÖG ÍA HAFNA NEFNT HELST VARÐANDI ÞÖRF FÜRIR BÆTTA AÐSTÖÐU.

##### 4.1 BADMINTONFÉLAG AKRANESS

Badmintonfélag Akraness er með rúmlega 100 iðkendur. Æfinga og keppnisaðstaða félagsins í Íþróttahúsinu við Vesturgötu, þar eru 7 badmintonvellir og unír félagið hag sínum þar nokkuð vel. Badmintonfélagið hefur átt í nokkurri vök að verjast varðandi æfingatíma þar sem þörf FIMA fyrir tíma hefur aukist verulega undanfarin ár. Badmintonfélagið telur ekki fært að hafa æfingar í íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum þar sem hvítt loft og lýsing salarins telst algjörlega ófullnægjanlega til badmintoniðkunar.

##### 4.2 BLAKFÉLAGIÐ BRESI

Blakfélagið Bresi er með um 30 iðkendur. Félagið er með æfingatíma í íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum, þar fara heimaleikir liðsins einnig fram. Félagið er tiltölulega sátt við sína aðstöðu en myndi vilja sjá úrbætur á sandblakvellingnum í skógræktinni. Strandblak nýtur sífellt aukinna vinsælda en sandurinn á vellingnum þykir of grófur og stingur iðkendur.

##### 4.3 FIMLEIKAFÉLAG AKRANESS

Fimleikafélag Akraness er með um 320 iðkendur. Hópfimleikar eru kjarninn í starfsemi félagsins og eru stelpur þar í miklum meirihluta. Félagið hefur líka um árabil haldið úti Íþróttaskóla fyrir 2 – 5 ára og eru um 100 iðkendur í þeim hópi. Á haustmánuðum bauð félagið svo uppá tíma í svokölluðu Parkor með það að leiðarljósi að ná einnig til drengja. Þessir tímar hafa vakið lukku og eru vel sóttir. FIMA er það félag sem hefur vaxið hvað mest á undanförunum árum og um tíma voru biðlistar varðandi það að komast að í fimleikum. Með breyttu skipulagi og hagræðingu hefur tekist að taka á móti öllum þeim sem óska eftir að æfa fimleika. Æfinga og keppnisaðstaða FIMA er alfarið í íþróttahúsinu við Vesturgötu og býr félagið þar við þröngan kost bæði hvað varðar rými og tíma. Mikil fjöld áhalda tilheyrir starfsemi félagsins og taka þau mikið pláss í geymslu. Einnig liggur mikil vinna í uppsetning og samantekt á áhöldum, jafnframt því sem þessi sífelldi flutningur veldur miklu sliti á þeim áhöldum sem notuð eru. Með tilfæringum á íþróttatímum FVA tókst að skapa aukin tíma fyrir fimleika, engu að síður vantar töluvert uppá að æfingatímar og aðstaðan uppfylli þær væntingar sem FIMA gerir varðandi sitt starf. Félagið sér fram á að á næstu árum komi iðkendur til með að fjölga en frekar. Mjög brýnt er að finna varanlegri lausn á aðstöðumálum félagsins til framtíðar.

#### 4.4 GOLFKLÚBBURINN LEYNIR

Golfklúbburinn Leynir telur rúmlega 440 féлага. Helsta aðstaða félagsins er Garðavöllur sem er 18 holu golfvöllur og telst með þeim betri á landinu. Á vellinum eru árlega spilaðir yfir 22.000 golfhringir. Við golfvöllinn eru einnig æfingabásar er nefnast Teigar. GL er einnig með æfingaaðstöðu í kjallara íþróttahússins við Vesturgötu og með tíma í Akraneshöllinni. Árið 2007 gerði GL samstarfssamning við GR um rekstur Garðavallar og þykir sá samningur hafa komið vel út. Vellinum er vel við haldið og meðlimir GL hafa áfram gott aðgengi að vellinum.

Í erindi frá GL kemur fram að til þessa hefur rekstur vallarins verið í höndum GL. Bærinn hafi vissulega komið myndarlega að uppbyggingunni með úthlutun landsvæðis og styrkveitingum í gegnum tíðina. Engu að síður hefur rekstur vallarins og mótun landsins verið að langstærstum hluta á kostnað klúbbs meðlima. Rekstur vallarins kostar um 30 milljónir á ári og tekjur af árgjöldum eru 13 milljónir þannig að GL hefur þurft að stóla á aðrar tekjur svo sem framlag frá Akraneskaupstað, tekjur af mótum og auglýsingum. Að mati Golfklúbbsins Leynis er þetta hrópanði óréttlæti þegar borið er saman t.d. rekstur íþróttahúsa Akraness, sundlauga, Akranesvallar, æfingasvæða og Akraneshallarinnar. Uppbygging þeirra mannvirkja sem og rekstur er alfarið kostaður af Akraneskaupsstað, því hlýtur að vakna sú spurning hvort ekki fari að koma tími á að Akraneskaupsstaður taki alfarið að sér almennan



rekstur og hirðu Garðavallar þar sem völlurinn er eitt af Íþróttamannvirkjum Akraness.

Helsti vandi félagsins í dag tengist geymslu á vélum, tækjum og tólum sem notuð eru í tengslum við Garðavöll. GL þarf nauðsynlega á vélageymslu að halda, þar gæti einnig skapast aðstaða fyrir inni æfingaaðstöðu sem á móti gætu létt á rými niður á Vesturgötu fyrir aðrar greinar. Málefni þess að reisa vélarskemmu er í ákveðnum farveg á milli GL og Akraneskaupstaðar. Málið er þó ekki frágengið og erfitt að segja hver verður endanlega niðurstaða. Í gildi er samningur uppá 250 m<sup>2</sup> hús sem er tæplega helmingur þess sem 18 holu golfvöllur þarf á að halda. Í umræðunni er að breyta þessum samningi þannig að byggð verði 500m<sup>2</sup> vélageymsla sem fullnægir kröfum 18 holu golfvallar og eins og málið hefur verið lagt upp fram til þessa mun GL greiða 20% í heildarkostnaði skemmunnar. Verði það raunin er búið að leysa það mál auk þess sem hægt er að færa pútt aðstöðu uppá milliloft í húsinu og þannig losnar pláss fyrir Hnefaleikafélagið. Ef farið verður í samning sem nú er í gildi er ljóst að stækkunar er þörf á næstu árum og málið því í raun aðeins hálf klárað. Skálamál er einnig í ákveðnum farvegi með því samkomulagi sem í gildi er á milli Langasands ehf og bæjaryfirvalda, en gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir golfklúbbinn í nýrri hótélbyggingu sem reisa á við 1. braut vallarins. Verði hinsvegar ekki af þessari byggingu hótels þá er ljóst að klúbburinn þarf að fara í byggingu eða í það minnsta stórfelldar breytingar og stækkanir á núverandi golfskála. Skálinn er löngu sprunginn og ekki er hægt að halda stór mót á vellinum þar sem skálinn hýsir ekki alla þátttakendur. Ljóst þykir að klúbburinn fær ekki stærstu mót landsins s.s. Íslandsmót í högggleik, ef ekki verður bætt úr þessu aðstöðuleysi.





#### 4.5 HESTAMANNAFÉLAGIÐ DREYRI

Hestamannafélagið Dreyri telur um 200 félagsmenn. Félagið er með sína aðstöðu að Æðarodda, þar sem til staðar eru hesthús, félagsheimili og reiðvöllur. Reiðvöllur félagsins hefur látið á sjá undanfarin ár og þykir nú vart keppnishæfur fyrir betri hestamót.

Í erindi frá Dreyra kemur fram að mjög brýnt sé að endurgera völinn til að geta haldið þar mót og þar með uppfyllt eina af skyldum félagsins og á sama tíma aflað fjár fyrir félagið. Það hefur verið langþráður draumur Dreyra að koma upp reiðskemmu ca. 25 x 40 m að stærð til að halda reiðnámskeið og til afnota fyrir félagsmenn. Félagið hefur leitað til ÍA bæði varðandi uppbyggingu á reiðvelli, reiðskemmu og eins með aðkoma að leigu á reiðskemmu sem er í eigu einkaaðila. Önnur verkefni er tengjast Æðaroddssvæðinu sem Dreyri mikla þörf fyrir eru: Malbikun í kringum félagsheimilið (margra ára óefnt loforð frá Akranesskaupstað). Hestakerrustæði (fyrir ca. 30 kerrur), malbikun á akstursgötum við hesthúsin (ekki reiðgötur), fjölgun reiðleiða og göngustiga og viðhald þeirra á svæðinu. Raflýsing á reiðleiðum í nágrenni Æðarodda.



#### 4.6 HNEFALEIKAFÉLAG AKRANESS

Hnefaleikafélag Akraness er með um 70 iðkendum. Skipulagðar æfingar í hnefaleikum hafa verið stundaðar á Akranesi síðan 2004 og þá undir merkjum Umf. Skipaskaga. Hnefaleikafélag Akraness var formlega stofnað 2008 og fékk aðild að ÍA 2009. Félagið hefur fyrir náð GL fengið inni í kjallara Íþróttahússins við Vesturgötu. Sú aðstaða er hrá og ansi framandleg. Loftræstingu er ábótavant og tvísýnt er að þetta rými uppfylli kröfur um brunavarnir. Aðstöðumál Hnefaleikafélagsins er tvímælalaust eitthvað sem þarfnast úrbóta á hið fyrsta.

#### 4.7 ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ ÞJÓTUR

Íþróttafélagið Þjótur er með um 30 iðkendum. Félagið heldur úti æfingum í Íþróttahúsinu við Vesturgötu fyrir boccia og frjálsíþróttir, það hefur lagt mikla áherslu á að halda þeim tímum vegna nálægðarinnar við sambýlið sem einnig er við Vesturgötuna. Vandinn nú við boccia tímana niður á Vesturgötu er að þeir er samhliða æfingum hjá FIMA og mikil hljóðtruflun er þar á milli. Félagið er einnig með sundæfingar í Bjarnalaug og hentar sú aðstaða félaginu mjög vel.

#### 4.8 KARATEFÉLAG AKRANESS

Karatefélag Akraness er með um 100 iðkendum. Félagið hefur um árabil haft æfingaaðstöðu í parketsal íþróttahússins við Vesturgötu og unír hag sínum þar nokkuð vel. Ef um mót er að ræða hefur stóri íþróttasalurinn verið notaður undir það. Það sem einkum hefur verið að plaga félagið eru loftræstimál í Parketsalnum.

#### 4.9 KEILUFÉLAG AKRANESS

Keilufélag Akraness er með um 50 iðkendum í félaginu. Aftur á móti eru mun fleiri sem iðka keilu án þess þó að vera í keilufélagi Akraness. Félagið er með æfinga og keppnisaðstöðu í kjallara Íþróttahússins við Vesturgötu og er með sérstakan rekstararsamning við Akraneskaupstað varðandi sína aðstöðu. Núverandi aðstaða hentar félaginu ágætlega en brautirnar mættu vera fleiri. Nú er svo komið að upprunalegur vélakostur er nánast ónýtur. Keilufélagið er

með tilboð í tæki frá aðila í Bandaríkjunum sem miðast við að koma salnum á vesturgötunni í lag. Gengi það eftir væri það bylting fyrir félagið. Áherslan myndi færast yfir í það að stunda keiluna réttu megin við vélarnar, sinnt þjálfun, í stað vélvirkjunar. Nú eru um 50 sem stunda keilu í viku hverri og mætti auka þann fjölda ef brautirnar væru í lagi. Nú er ein vél í þokkalegu standi en handraða verður í hinar og krakkarnir æfa án þess að hafa keilur á þeim brautum. Félagið telur æskilegt að fá 6 brauta sal þannig að það gæti tekið til sín einhver af þeim mótum sem haldin eru. Eins og staðan er þá eru deildarleikir og bikar einu mótin sem félagið getur haldið. T.d. voru bæði lið ÍA í keilu dregin út með heimaleik í 32 liða bikarkeppninni og gátu liðin ekki spilað báða leikina á réttum tíma vegna brauta skorts. Félagið spilaði til úrslita í bikarkeppni karla og átti fulltrúa á öllum mótum sem Ísland sendi fulltrúa á erlendis.

#### 4.10 KNATTSPYRNUFÉLAG ÍA

Knattspyrnufélag ÍA er með um 500 iðkendum. Félagið er með æfinga og keppnisaðstöðu að Jaðarsbökkum sem er ein sú besta á landinu. Þar er Akranesvöllur, Akraneshöllin, æfinga- og keppnissvæði að Jaðarsbökkum. Akraneshöllin var bylting í aðstöðumálum félagsins og Akranesvöllur hefur verið í góðu standi undanfarin ár. Knattspyrnuleikir á Akranesvelli og í Akraneshöll eru um 220. Æfinga- og keppnissvæðið er aftur á móti í mjög slæmu ástandi. Mikið álag er á svæðinu yfir sumartímann, t.d. eru þátttakendur í knattspyrnu á Norðurálmóti um 1.300 í 144 liðum sem leika um 600 leiki í mótinu. Svæðið er mjög óslétt og má rekja fótbrot 15 ára iðkanda til beint til ástand þess. Félagið telur mikla þörf á því að hefja endurnýjun á svæðinu. Einnig er tilfinnanlegur skortur á bættri búningaástöðu og geymslum er tengjast knattspyrnuíðkun. Sá mikil kuldi sem er oft á tíðum í Akraneshöllinni fer mjög illa með bolta í eigu félagsins og þeir skemmast mun fyrr en ella. Aðstaða til veitingasölu á Akranesvelli er einnig mjög slæm og þarfnast úrbóta. Knattspyrnufélag ÍA hefur mikinn hug á að gera framkvæmda- og rekstrarsamning við Akraneskaupstað varðandi uppbyggingu- og rekstur á þeirri aðstöðu er tengist knattspyrnuíðkun á Jaðarsbökkum.

#### 4.11 **KÖRFUKNATTLEIKSFÉLAG AKRANESS**

Körfuknattleiksfélag Akraness er með um 50 iðkendum. Með tilkomu Akraneshallarinnar fluttist æfingaaðstaða félagsins yfir í Íþróttahúsið að Jaðarsbökkum. Sú aðstaða er ekki eins góð til körfuknattleiksíðkunar og niður á vesturgötu. Einkum er það, að á Jaðarsbökkum eru einungis 2 nothæfar körfur miðað við 8 niður á Vesturgötu. Eins er aðstaða fyrir áhorfendur mun betri niður á Vesturgötu miðað við Jaðarsbakka. Félagið myndi gjarnan vilja færa æfingar sínar aftur í Íþróttahúsið við Vesturgötu þar sem aðstaðan er mun betri. Tvö pör af hliðarkörfum í Íþróttahúsið að Jaðarsbökkum myndi þó hjálpa mikið til við að bæta aðstöðu félagsins. Íþróttakennarar FVA hafa líka óskað eftir því að settar sé upp fleiri körfur að Jaðarsbökkum þar sem þeir eru með stóra hópa í íþróttatímum og mikilvægt að geta skipt vellinum upp.

#### 4.12 **KRAFTLYFTINGAFÉLAG AKRANESS**

Kraftlyftingafélag Akraness er nýjasta aðildarfélag ÍA. Félagið vinnur að því að skapa sér aðstöðu í kjallara Íþróttahússins við Vesturgötu, einnig er aðstaða til lyftinga í Preksal Íþróttamiðstöðvarinnar Jaðarsbökkum.

#### 4.13 **SKOTFÉLAG AKRANESS**

Skotfélag Akraness er með um 100 félagsmenn og er aðstaða Skotfélagsins tvíþætt. Annarsvegar er það aðstaða í kjallara Íþróttahússins niður á vesturgötu fyrir loftskammbýssur og hinsvegar er það úti aðstaða við Akrafjall fyrir skotfimi. Segja má að aðstaða félagsins í kjallara sé gott sem fullbúinn og nýtur töluverðra vinsælda. Þörf á úrbótum í kjallara Vesturgötu eru margnefnd loftræstingamál, vatnsleki frá sturtum og lagfæringar á raflögn í skotsal. Til framtíðar er draumur félagsins; 25 metra braut til inniæfinga í skotfimi. Útisvæðið við Akrafjall þarfnast töluverðra endurbóta. Félagið horfir til efnisflutninga á moldartippinn í nágrenninu, efni sem gæti nýst í manir og afmörkun á öryggissvæðum. Mest er það vélavinna sem nýttist við gerð skotbrauta. Það þarf að fara í lagfæringar á plani, malarupphækkun á vellinum, grjót eða rör í skurð og fleiri bætur á umhverfinu. Í tengslum við svæði vélhjólamanna og útivistarsvæðið í Slögu þarf einnig að fá rafmagn og vatn inn á svæðið. Félagar Skotfélagsins hafa verið mjög duglegir við að útbúa sína aðstöðu sjálfir í sjálfbóðaliðavinnu.

#### 4.14 SUNDFÉLAG AKRANESS

Skv. upplýsingum frá formanni SA er Sundfélag Akraness eitt sterkasta sundfélag landsins í dag með um 220 virka iðkendur. Félagið á að jafnaði sundmenn í öllum landsliðum Íslands í sundi og einnig á SA sæti í efstu deild í sundi, bæði í karla og kvennaflokki. Aðeins eitt annað félag í efstu deild hefur ekki aðgang að 50 metra innilaug en það er Óðinn á Akureyri. Með fjölgun 50 metra sundlauga hefur áhersla á æfingar og keppni í þeim aukist mikið og þar eiga sundmenn sem æfa í 25 metra laugum undir högg að sækja. Einn efnilegasti sundmaður SA, landsliðsmaðurinn Hrafn Traustason, gekk af þeim sökum í Sundfélag Hafnarfjarðar í upphafi árs 2009. Þá sækja sundmenn SA a.m.k. tvær æfingar í mánuði í 50 metra laugar á SV-horninu. Aðstaða SA í dag er tvískipt. Í Bjarnalaug eru sundmenn frá 3 mánaða til ca. 10 ára og nær laugin að anna þeirri iðkun eins og er en nokkrir hópar eru fullir en án biðlista. Aðstaða fyrir ungbarnasund í Bjarnalaug er þó ekki boðleg, hvorki fyrir börn né foreldra. Í Jaðarsbakkalaug æfa sundmenn frá 10 ára aldri. Félagið hefur til umráða þrjár brautir frá kl. 5:30-8:00 á morgnana og frá kl. 14:30-19:30 seinni partinn á virkum dögum og þrjár brautir frá kl. 7-11 á laugardögum. Þessi brautarfjöldi er ekki nægur fyrir elsta hópinn (landsliðsfólkið) þar sem um 5 sundmenn eru á braut (sbr. 2-3 í Hafnarfirði). Um leið og SA tekur frá 3 brautir fyrir æfingar eru einungis 2 brautir eftir fyrir almenningsund og leik barna í lauginni, lungann úr deginum.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 26. ágúst 2008 var útboðum á vegum bæjarins frestað. Þar var einn stærsti liðurinn útboð sundlaugar sem margoft hafa verið gefin loforð fyrir, m.a. á þúsundasta fundi bæjarstjórnar Akraness þann 11. október 2005. Á síðasta ársþingi ÍA taldi þáverandi forseti bæjarstjórnar að forsendur væru aftur breyttar og hægt yrði að hefjast handa við bygginguna á þessu kjörtímabili. Af þessum ástæðum hefur Sundfélag Akraness ekki haft sig mikið í frammi í umræðum um bættu aðstöðu þar sem félagið hefur talið að forgangsroðunin sé nokkuð ljós og í raun staðfest nokkrum sinnum.

Vönduð innisundlaug er ekki einungis mikil lyftistöng fyrir sundlíf og tómsundur barna og unglinga heldur mun væntanleg bygging einnig bæta til mikilla muna aðstöðu almennings og barnafólks til sundiðkunar óháð veðri og vindum. Fá, ef nokkur mannvirki bæjarins eru nýtt af jafn breiðum hópi



bæjarbúa og sundlaug og hefur verið samstaða í bænum um nauðsyn uppbyggingar á þessu sviði.

Að undanfögnu hefur athyglinni verið beint að því hvernig bæta megi aðstöðu íþróttafélaga til æfinga en í tilfelli Sundfélags Akraness er það alltaf tengt aðstöðu almennings og skólasunds þar sem sundmannvirkjum er deilt með þessum hópum.

## **ÞARFIR SA ERU EFTIRFARANDI Í MIKILVÆGISRÖÐ**

### **1. INNILAUG.**

Rok og úrkoma hafa slæm áhrif á starfssemi SA á margan hátt. Margar æfingar falla niður vegna kulda laugarinnar, sundmenn þjást af eyrnabólgu, kvefi og vöðvabólgu í herðum og erfiðlega gengur að ráða hæfa þjálfara til starfa við þessar aðstæður.

### **2. FJÖLGUN BRAUTA**

Þrjár brautir eru í það minnsta fyrir þann fjölda sem æfir með félaginu. T.d. er erfitt að bregðast við ef sundmenn þurfa að synda sér æfingar vegna meiðsla og ekki hefur verið hægt að bjóða uppá æfingar fyrir þá sundmenn sem vilja minnka við sig æfingar. Meiri fjöldi á æfingu gæti einnig lækkað kostnað félagsins við æfingar.

### **3. 50 METRA LAUG**

Talsverður munur er á æfingum í 25 og 50 metra laug og með aukinni áherslu á 50 metra laugar er erfiðara fyrir sundmenn SA að fylgja með. Flest stórmót erlendis eins og t.d. Ólympíuleikar eru 50 metra mót og einungis hægt að ná lágmarkum á þau mót í 50 metra laugum en fjórir Akurnesingar hafa keppt fyrir Íslands hönd í sundi á Ólympíuleikum.

### **4. KEPPNISLAUG**

Auknar kröfur um 50 metra laugar, innilaugar og fjölda brauta hafa orðið til þess að Sundfélag Akraness er eina liðið í efstu deild á Íslandi sem ekki getur haldið mót á vegum Sundsambands Íslands.

## **ÓSKALISTI SUNDFÉLAGS AKRANESS**

1. Samþykkt tillaga um 25 metra innisundlaug er að sjálfsögðu efst á óskalista SA þar sem hún mun bæði fullnægja kröfum félagsins og gera aðstöðu almennings, ungabarna, skólasunds og eldri borgara eins og best verður á kosið.

2. Sé sú laug ekki möguleiki telur félagið að besta lausnin sé að byggja sérstaka æfingalaug fyrir félagið og jafnvel skólasund. Sú aðstaða gæti verið mjög hrá, lágmarkskröfur væru yfirbygging og fjórar 25 metra brautir (eða tvær 50 metra sem skipta mætti í miðju). Slík laug myndi létta á Jaðarsbakkalaug og skapa sundfólki þokkalega æfingaaðstöðu.

3. Tímabundin yfirbygging núverandi laugar að Jaðarsbökkum er einnig möguleg en klárlega ekki til framtíðar því ástundun almennings mun að öllum líkindum aukast við yfirbyggingu og þar með pressa meira á byggingu nýrrar aðstöðu.

\* Aðkallandi er aðstaða fyrir ungabörn í Bjarnalaug verði bætt hið fyrsta.

#### 4.15 UMF. SKIPASKAGI

Ungmennafélagið Skipaskagi er með um 100 iðkendur og eru 3 íþróttgreinar stundaðar innan félagsins. Frjálsíþróttir eru iðkaðar í Akraneshöll og Íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum. Í Akraneshöllinni er frjálsíþróttaaðstaðan að mörgu leiti mjög góð, 100m tartanbraut og stökkgryfja. Helsti vandinn þar er að umgengi um Akraneshöllina er oft á tíðum slæm þannig að laus áhöld og dýnur hafa orðið fyrir skemmdum. Úti aðstaða er mjög bágborinn. Ekki er um neitt eiginlegt æfingasvæði nema hlaupahringurinn í kringum Akranesvöll sem er frá gamalli tíð. Ekki er til staðar kast- né stökksvæði sem er utanhúss. Nýlega var endurvakin iðkun glímu á Akranesi. Æfingaaðstaða fyrir glímu er í Íþróttasalnum að Jaðarsbökkum og einnig í Speglasal Íþróttahússins við Vesturgötu (sá salur er þó helst til lítill fyrir greinina). Helsti vandinn er þó skortur á glímubeltum. Innan Skipaskaga er líka Línudanshópurinn Silfurstjarnan og Íþróttaklúbbur FEBAN (leikfimi, dans, vatnsleikfim, boccia ofl.). Þessir aðilar hafa aðstöðu hér og þar í bænum þar sem eru lausir salir. Það er draumur Umf. Skipaskaga að í náinni framtíð verði Unglingalandsmót UMFÍ haldið á Akranesi. Til þess að svo megi verða þarf að byggja upp boðlega frjálsíþróttaaðstöðu.

#### SKAMMTÍMAMARKMIÐ UMF. SKIPASKAGA ERU:

1. Hlaupabraut 400 m hringur
2. Kasthringur kúla og geiri
3. Kasthringur f/ kringlu og geiri
4. Langstökks/þrístökksgrýfja
5. Spjótkastsvæði.

#### LANGTÍMAMARKMIÐ FÉLAGSINS ERU:



1. Kastbúr f/kringlu og sleggju
2. Tartan á hlaupabrautir og stökkbrautir.

#### 4.16 VÉLHJÓLAÍÞRÓTTAFÉLAG AKRANESS

Vélahjólafélag Akraness er með um 80 iðkendur. Félagið var stofnað 2006 og fékk í kjölfarið úthlutað 3 hektara svæði rétt utan við Akraness til að útbúa akstursbraut fyrir vélahjól. Brautin nefnist Akrabraut og er hún talinn ein skemmtilegasta braut landsins. Mikil sjálfböðavinna liggur að baki því að halda úti brautinni og er félagið með reglulegan vinnudag eða vinnukvöld gegn því að þátttakendur fá að hjóla frítt í brautinni eftir daginn eða kvöldið. Miklir þurrkar yfir sumartímann gerir iðkendum erfitt fyrir og þá skiptur miklu máli að geta vökvað brautina reglulega. Óskir um bættu aðstöðu eru eftirfarandi:

- ✓ Starthlið.
- ✓ Traktor/haugsuga/tætari (kostnaður ca 2milljónir).
- ✓ Skilti við innkeyrslu.
- ✓ Athuga með jöfnunarlag á bílastæði.
- ✓ Athuga með samning við Akraneskaupstað um að keppendur fái að nýta sér sturtuáðstöðu sundlauganna eftir að keppni lýkur.
- ✓ Athuga með að girða af barnabrautina frá aksturs-og reiðvegi.
- ✓ Koma rafmagni á svæðið og klósettaðstaða væri líka vel þegin.





## 4.17 SAMANTEKT Á ÓSKUM FÉLAGANNA

| Íþróttafélag                  | Helstu óskir um bættu aðstöðu   |
|-------------------------------|---|
| Badmintonfélag Akraness       | Fleiri og betri æfingatímar í íþróttahúsinu við Vesturgötu.   |
| Blakfélagið Bresi             | Uppbygging á nýjum úti blakvöllum í Skógræktinni  |
| Fimleikafélag Akraness        | Koma upp varanlegri fimleikaaðstöðu og geymslum fyrir áhöld. Betri æfingatímar og léttu undir varðandi uppsetningu og frágang áhalda. |
| Golfklúbburinn Leynir         | Vélarskemma þar sem einnig væri hægt að hafa púttuðstöðu. Nýr eða endurbættur golfskáli.  |
| Hestamannafélagið Dreyri      | Endurbætur á reiðvelli. Koma upp reiðskemmu og ýmsar lagfæringar á Æðaroddasvæðinu.   |
| Hnefaleikafélag Akraness      | Úrbætur á kjallara íþróttahússins við Vesturgötu. Koma upp varanlegri aðstöðu fyrir iðkun hnefaleika.                                 |
| Íþróttafélagið Þjótur         | Huga að aðgengi fatlaðra að íþróttamannvirkjunum.   |
| Karatefélag Akraness          | Úrbætur varðandi loftræstingu í Speglasalnum á Vesturgötu.  |
| Keilufélag Akraness           | Endurnýja vélakost og úrræði varðandi fleiri brautir.   |
| Knattspyrnufélag ÍA           | Endurbætur á æfingasvæðinu að Jaðarsbökkum. Koma upp geymslum og bættri búningu aðstöðu.  |
| Körfuknattleiksfélag Akraness | Fleiri körfur á Jaðarsbökkum. Tímar fyrir æfingar og leiki í íþróttahúsinu við Vesturgötu.  |
| Kraftlyftingafélag Akraness   | Koma upp bættri aðstöðu fyrir Kraftlyftingar.   |
| Skotfélag Akraness            | Endurbætur á skotvelli utanhúss.  |
| Sundfélag Akraness            | Ný 25 m. 8 brauta innilaug. Til vara 50 m æfinga og kennslulaug, yfirbygging á Jaðarsbakkalaug.                                       |
| Ungmennafélagið Skipaskagi    | Bætt frjálsíþróttaaðstaða utanhúss. Koma upp frjálsíþróttaaðstöðu sem uppfyllir skilyrði til þess að hald unglingsmót.                |
| Vélhjólaiþróttafélag Akraness | Aðstoð varðandi uppbyggingu og rekstur Akrabrautar. Koma upp klósettaðstöðu við brautina  |

## 5. LOKAORÐ

Það hefði verið æskilegt samhliða gerð þessarar skýrslu að hafa hugmyndir um fjárhagsgetu bæjarins til lengri tíma. Það hefði auðveldað okkur að ramma betur inn hugmyndir hópsins um uppbyggingu íþróttamannvirkja á Akranesi næstu árin.

Það væri æskilegt að hópurinn hefði möguleika til að fylgja eftir störfum sínum og endurmeta skýrsluna t.d. 1. febrúar 2011 þegar aðstæður almennt m.t.t. fjárhagslagaramma sveitarfélaga og fjárhagsgeta bæjarins kemur betur ljós og skýrslan hefur hlotið kynningu innan bæjarins og íþróttafélaganna.



## FORGANGSRÖÐUN, SKAMMTÍMAÞÖRF.

- Keilufélagið – Kaup og uppsetning á nýjum vélum í keilusal, 6 milljónir. Erindi sent bæjarráði þ. 29.10.2010, tekið til umfjöllunar í bæjarráði þ. 4 nóv. (2010-2011)
- Hnefaleikar – bætt loftræsting, 7-900þ. Komið í ferli í bæjarkerfinu. (2010) Samþykkt fjárveiting á fundi bæjarstjórnar þ. 26.10.2010
- Karfan – nýjar körfur á Jaðarsbakka um 2 milljónir kr. (2011)
- Vélhjólaklúbbur – Ýmislegt til aðstoðar við rekstur akbrautar, t.d. vökvunarbúnaður (traktor, haugsuga) starthlið, salernisaðstaða (með Skotfélagi) 5-6 milljónir. (2011)
- KFÍA – Æfingasvæði á Jaðarsbökkum, 4-5 ára verkefni, 5-6 milljónir á ári, byrja 20.06.2011. (Daginn eftir Norðurálsmótið) (2011-2015) Huga að langtímaskipulagi aðalvallarins.
- Blakfélagið – Nýr strandblakvöllur í skógrækt, 500þ (2011)
- Íþróttahúsið á Vesturgötu, bætt loftræsting, leki á milli hæða í sal Skotfélagsins, brunamál. (2011)
- KFÍA – Bolta og vélageymsla, moka innan úr 2 bilum í Akraneshöll. 20 millj. (2012-13)
- SA – Tímabundin yfirbygging á Jaðarsbakkalaug (2011) +/- 50 milljónir, t.d. mjúkhýsi (sjá scandihall.no) sparnaður í rekstri, hægt að taka niður yfir sumartímann, hægt að færa í önnur verkefni. Byggð verði ný 50mx6,0 m 3-4 ja brauta innilaug (2012-14)æfinga- og kennslulaug annað hvort sett upp við enda Jaðarsbakkalaugar undir mjúkhýsi samhliða yfirbyggingu Jaðarsbakkalaugar eða sett niður við suðurenda Akraneshallar og samnýta geymslur, grófa búningsaðstöðu, sturtur, tengja sjósundi, Langasandi, undirstrika "túrisma" í tengslum við fjölskyldur og sport.
- Hestamenn – Endurbygging reiðvallar, búið að veita 4 milljónum í verkefnið (vor 2010). Malbikun á bílastæði við félagsheimili (óefnt loforð hjá Akraneskaupstað) Hestakerrustæði
- UMF. Skipaskagi – Grunn frjálsíþróttaaðstaða (400 mtr. hlaupabraut, kasthringur, langstökksgrýfja ofl.) (2012-2013)
- Þjótur - Huga skal að aðstöðu fatlaðra í íþróttamannvirkjum bæjarins

**FORGANGSRÖÐUN, LANGTÍMAPÖRF.**

1. Fimleikahús – í tengslum við væntanlegan skóla í Skógarhverfi.
2. 50 mtr. 8 brauta innisundlaug – í tengslum við væntanlegan skóla í Skógarhverfi.
3. Tengibygging á Jaðarsbökkum, yfirbygging sundlaugar með metnaðarfullu útisvæði.

Það er mjög mikilvægt fyrir alla hagsmunaðila að kortleggja uppbyggingu skóla- og íþróttamannvirkja til lengri tíma.

Akranesbær er eins og fjölskylda sem hefur sínar tekjur til að ráðstafa í langtíma farsælt líf hennar, skapa öryggi, sjálfstraust, menntun, sjálfstæði og almenna vellíðan. Fjölskyldan vill ekki skulda um of til þess m.a. að tryggja sjálfstæði og forræði sitt.

Besta markaðssetning sveitarfélags m.a. með fjölgun íbúa í huga og treysta öflugra þjónustu og menningu er það þegar íbúar þess finna fyrir öryggi þ.e. vinnu- og umhverfislega, heilbrigðu umhverfi, öflugum forvörnum og metnaðarfullum skólum, notalegu viðmóti og fordómaleysi nágrannans.

Við teljum farsælt að reyna að framkvæma alltaf eitthvað á hverju ári, samanber reynslu síðustu 10 ára. Við viljum sjá skynsama uppbyggingu til lengri tíma í anda fjölskyldunnar þannig að það verði líka til ráðstöfunar fjármagn til að styðja við rekstur hennar þ.e. í þessu tilfalli íþróttáæskulýðs- og skólustarfið.

| Verkefni   | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 |
|--|------|------|------|------|------|------|
| Keilufélagið – Kaup og uppsetning á nýjum vélum í keilusal                               | X    | X    |      |      |      |      |
| Hnefaleikar – bætt loftræsting   | X    |      |      |      |      |      |
| Karfan – Nýjar körfur á Jaðarsbakka  |      | X    |      |      |      |      |
| Vélahjólaklúbbur-traktor, haugsuga, starthlið, salernisaðstaða                           |      | X    |      |      |      |      |
| KFÍA – Æfingarsvæði á Jaðarsbökkum   |      | X    | X    | X    | X    |      |
| Blakfélagið – nýr strandblaksvöllur í skógrækt   |      | X    |      |      |      |      |
| Skotfélagið – bætt loftræsting, leki milli hæða, brunamál. Salernisaðstaða við útisvæði. |      | X    |      |      |      |      |
| KFÍA – Bolta og vélageymsla, moka innan úr tveimur bilum í Akraneshöll                   |      |      | X    | X    |      |      |
| SA - Tímabundin yfirbygging á Jaðarsbakkalaug  |      | X    |      |      |      |      |
| SA- 50x6 m. 3-4 ja brauta innlaug (æfinga og kennslulaug)                                |      |      | X    | X    | X    |      |
| Hestamenn – endurbygging reiðvallar  | X    |      |      |      |      |      |
| Hestamenn – uppbygging á útisvæði.   |      |      | X    | X    |      |      |
| UMF. Skipaskagi – grunn frjálsíþróttaaðstaða   |      |      | X    | X    |      |      |
| Þjótur – Huga skal að aðstöðu fatlaðra í íþr.mannvirkjum bæjarins                        | A    | L    | L    | T    | A    | F    |

*Taflan sýnir tillögur að forgangsröðun næstu fimm árin.*

